

Grunnskóli Vestmannaeyja
Innra mat - skýrsla 2023 - 2024
Ásdís Steinunn Tómasdóttir
Rósa Hrönn Ögmundsdóttir
Svanhvít Friðþjófsdóttir



Innra mat

Grunnskóli

Vestmannaeyja

Inngangur	3
Um GRV	4
Innra matsteymi	4
Veturinn 2023 - 2024	4
Langtímaáætlun um innra mat GRV	5
Lestur í GRV	6
Lesferill	6
Starfsmannasamtöl	10
Íslenska æskulýðsrannsóknin	10
Skólapúlsinn	11
Nemendur GRV	11
Foreldrar GRV	13
Starfsmenn GRV	14
Kveikjum neistann	16
Umræðuhópar kennara	18
Umbótaáætlun frá síðasta mati	18
1. Nám og kennsla	20
2. Stjórnun og skipulag	21
3. Innra mat	21
4. Mannauður	21
5. Skólabragur	21
Lokaorð	21

Inngangur

Í kafla VIII grunnskólalaga nr. 91/2008 er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

Skv. 35. grein þessara laga er markmið með innra og ytra mati að:

- a. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Þar segir ennfremur í 36. grein um innra mat:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Innra mat er samvinnuverkefni alls skólasamfélagsins og allir hagsmunahópar þurfa að koma að helstu þáttum matferilsins, eftir því sem við á. Í teyminu fer fram fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Skólastjóri ber ábyrgð á innra mati í sínum skóla en mikilvægt er að framkvæmd og utanumhald dreifist á fleiri aðila.

Innra matsteymi Grunnskóla Vestmannaeyja var stofnað haustið 2019 til að framfylgja þeim lögum sem vera ber. Teyminu er ætlað að fylgjast með, endurskoða og meta jafnt og þétt skólastarfið í heild sinni og áætla umbætur í kjölfarið. Markmiðið með innra mati er að skólinn geti nýtt sér það til raunverulegra umbóta á skólastarfinu.

Í þessari skýrslu er samantekt á því innra mati sem fram fór í Grunnskóla Vestmannaeyja veturinn 2023 - 2024 og lögð fram aðgerðar- og umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Um GRV

Grunnskóli Vestmannaeyja hefur starfað sem ein stofnun frá árinu 2006. Áður voru skólarnir tveir með árgöngum frá 1. - 10. bekk en við sameininguna var ákveðið að hafa yngra stig, 1. - 5. bekk, í húsnæði Hamarsskóla og eldra stig, 6. - 10. bekk, í húsnæði Barnaskóla. Frá árinu 2018 varð sú breyting á að Hamarsskóli hýsir nú yngsta skólastigið, 1. - 4. bekk. Ennfremur er 5 ára deild leikskólanna, Víkin og Frístund starfrækt í húsinu. Í Barnaskóla er miðstig, 5. - 7. bekkur og unglingastig, 8. - 10. bekkur, hvort stig með sinn deildarstjóra. Skólaárið 2023 - 2024 eru 30 bekkjardeildir í skólanum með um 549 nemendum. Á þessu skólaári var tekin ákvörðun um að GRV yrði nú rekinn sem tveir skólar á ný, aldurskiptir. Í GRV Barnaskóla verða áfram nemendur í 5. - 10. bekk og í GRV Hamarsskóla verða 1. - 4. bekkur, 5 ára deildin Víkin og Frístundaver.

Innra matsteymi

Á haustdögum 2019 var innra matsteymi skólans stofnað. Í ár eru í teyminu þrír deildarstjórar, tveir kennarar, einn stuðningsfulltrúi, einn ritari og eitt foreldri. Teyminu er ætlað að skiptir með sér verkum, fara yfir langtímaáætlunina og vinna að endurskoðun starfsáætlunar, skólanámskrár og læsisstefnu.

Veturinn 2023-2024 voru haldnir tveir fundir, einn á hvorri önn, þar sem farið var yfir það sem verið var að meta t.d. Skólapúls og starfsmannakönnun Vestmannaeyjabæjar og umbótaáætlun unnin með tilliti til sóknarfæra.

Veturinn 2023 - 2024

Umbótaáætlun og áætlun fyrir þennan vetur var gerð árið 2024, fjögurra ára innra mats áætlun lauk vorið 2023. Teymið var kallað saman veturinn 2023 - 2024 þar sem samþykkt var ný fjögurra ára langtímaáætlun. Það sem skoðað er sérstaklega þennan vetur eru niðurstöður úr Skólapúlsi en auk nemendakannanna voru teknar kannanir meðal foreldra barna í GRV og starfsmanna GRV. Kynntar verða lestrarmælingar sem teknar voru skv. Lesferli í 4. - 7. bekk í september, janúar og maí og niðurstöður úr rannsóknarverkefninu Kveikjum neistann eru kynntar. Einnig er minnst á umræðuhópa kennara í kjölfar bréfs frá KV til stjórnenda. Eftirfarandi matsáætlun er til grundvallar fyrir innra mat Grunnskóla Vestmannaeyja og út frá því er myndað skammtímaáætlun 2023-2024 og langtímaáætlunin sem gildir 2023 - 2027.

Langtímaáætlun um innra mat GRV

Viðfangsefni	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
1. Nám og kennsla:				
1.1. Inntak, árangur og framfarir	x	x	x	x
1.2 Skipulag náms og námsumhverfis	x	x		x
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu	x		x	
1.4 Náms hættir og námsvitund		x		x
1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda		x		x
1.6 Skóli án aðgreiningar	x	x		
2. Stjórnun og skipulag:				
2.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
2.2 Stjórnun skólans	x	x	x	
2.3 Faglegt starf			x	x
2.4 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur		x	x	
2.5 Skólaþróun og starfsþróun		x		x
3. Innra mat:				
3.1 Framkvæmd innra mats	x	x	x	x
3.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats	x	x	x	x
4. Mannauður:				
4.1 Fagmennska starfsfólks/endurmenntun	x		x	
4.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað		x		x
5. Skólabragur				
5.1 Viðmót og menning		x		
5.2 Velferð og líðan nemenda	x	x	x	x
5.3 Samstarf heimilis og skóla	x		x	


Lestur í GRV

Grunnskóli Vestmannaeyja leggur mikla áherslu á læsi og starfar skólinn eftir öflugri og metnaðarfullri læsisstefnu sem er aðgengileg á heimasíðu skólans; [Læsisstefna GRV](#). Mat á árangri lesturs í 4. - 7. bekk fer fram skv. Lesferilsáætlun Menntamálastofnunar; [Um Lesferil](#) sem er matstæki á grunnþáttum læsis. Nemendur hafa fyrir fyrsta bekk verið prófaðir með Hljóm - 2 sem er skimun sem gerð er til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna. Markmiðið með því er að greina áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Í 1., 2. og 3. bekk fóru nemendur í stöðumat í bókstafa- og hljóðakunnáttu skv. áherslum rannsóknarverkefnisins Kveikjum neistann.

Lesferill



Nemendur í 4. - 7. bekk tóku lesfimiþróf MMS í september, janúar og maí eins og gert er ráð fyrir, en Grunnskóli Vestmannaeyja hefur lagt lesfimiþrófin fyrir nemendur frá árinu 2016. Þykir það almennt gott tæki til samanburðar og til að meta framfarir á hraðlestri. Lykilatriði er að rýnt sé í niðurstöður og þær notaðar markvisst til að gera lestrarkennslu árangursríkari fyrir alla nemendur. Niðurstöður lesfimiþrófa í Grunnskóla Vestmannaeyja skólaárið 2023 - 2024 má sjá á eftirfarandi ritum:

Lesferill í september 2023, 4. - 7. bekkur.





Í september 2023 er skólinn um eða yfir landsmeðaltali nema í 5. bekk en í öllum árgöngum er GRV þó langt frá viðmiðum MMS, nema í 4. bekk.

Lesferill í janúar 2024, 4. - 7. bekkur.



Í janúar er skólinn um eða yfir landsmeðaltali nema í 5. bekk en í öllum árgöngum er GRV um og við miðmið 1.

Lesferill í maí 2024, 4. - 7. bekkur.



Í maí er skólinn yfir landsmeðaltali nema í 5. bekk og nálgast 4. bekkur mjög viðmið MMS sem má teljast nokkuð góður árangur, sé eingöngu miðað við leshraða eins og þessi próf mæla. Hér fyrir neðan má sjá maí - fyrirlögn í hverjum árgangi fyrir sig, og hvernig skólinn stendur sig m.t.t. viðmiða MMS og landsins alls.

4. bekkur

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Grunnskóli Vestmannaeyja 4. árgangur
Lesfimi - 4. bekkur - maí 2024




Fj	M	Sf	Viðmið 1		Viðmið 2		Viðmið 3		Undir viðmiði 1		Milli viðmiða 1 og 2		Milli viðmiða 2 og 3		Yfir viðmiði 3	
			Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%
59	110	34	46	78,0%	24	40,7%	9	15,3%	13	22,0%	22	37,3%	15	25,4%	9	15,3%
			90% viðmið		50% viðmið		25% viðmið									
Fj - Fjöldi, % - Hlutfall, M - Meðaltal, Sf - Staðalfrávik																

Fj - Fjöldi, % - Hlutfall, M - Meðaltal, Sf - Staðalfrávik

Í fjórða bekk ná 78% nemenda viðmiði 1, 40,7% ná viðmiði 2 og 15,3% nemenda eru yfir viðmiði 3. Skólinn stendur sig ögn betur en landið í heild örlítð vantar upp á að skólinn ná viðmiðum MMS þar sem gert er ráð fyrir að 90% nemenda ná viðmiði 1.

5. bekkur




Fj	M	Sf	Viðmið 1		Viðmið 2		Viðmið 3		Undir viðmiði 1		Milli viðmiða 1 og 2		Milli viðmiða 2 og 3		Yfir viðmiði 3	
			Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%
62	107	35	41	66,1%	11	17,7%	5	8,1%	21	33,9%	30	48,4%	6	9,7%	5	8,1%
			90% viðmið		50% viðmið		25% viðmið									

Fj - Fjöldi, % - Hlutfall, M - Meðaltal, Sf - Staðalfrávik

Í fimmta bekk ná 66,1% nemenda viðmiði, þar sem MMS telur æskilegt að 90% nemenda hafið náð því. 33% nemenda í 5. bekk eru þó enn undir viðmiði 1 og skv. mynd má áætla að landið sé í svipaðri stöðu. Fleiri eru þó í viðmiði 2 og einungis 9,7% eru milli við miða 2 og 3 sem telur 6 nemendur.

6. bekkur




Fj	M	Sf	Viðmið 1		Viðmið 2		Viðmið 3		Undir viðmiði 1		Milli viðmiða 1 og 2		Milli viðmiða 2 og 3		Yfir viðmiði 3	
			Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%
52	126	54	29	55,8%	13	25,0%	9	17,3%	23	44,2%	16	30,8%	4	7,7%	9	17,3%
			90% viðmið		50% viðmið		25% viðmið									

Fj - Fjöldi, % - Hlutfall, M - Meðaltal, Sf - Staðalfrávik

Í sjötta bekk eru 44,2% nemenda undir viðmiði 1 þegar MMS leggur til að 90% nemenda ætti að vera komnir yfir það viðmið.

7. bekkur



Fj	M	Sf	Viðmið 1		Viðmið 2		Viðmið 3		Undir viðmiði 1		Milli viðmiða 1 og 2		Milli viðmiða 2 og 3		Yfir viðmiði 3	
			Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%
56	136	48	33	58,9%	14	25,0%	9	16,1%	23	41,1%	19	33,9%	5	8,9%	9	16,1%
			90% viðmið		50% viðmið		25% viðmið									

Fj - Fjöldi, % - Hlutfall, M - Meðaltal, Sf - Staðalfrávik

Í sjöunda bekk eru 58% nemenda fyrir ofan viðmið 1 en skv. MMS ættu 90% nemenda vera búnir að ná viðmiði 1. 25% nemenda eru í viðmiði 2 en MMS leggur til að 50% nemenda séu komnir í það viðmið. Einnig eru 16% nemenda í 7. bekk yfir viðmiði 3 en skv. viðmiðum MMS ættu um 25% nemenda að vera búnir að ná því viðmiði.

Samantekt

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá samantekt árganga 4. - 7. bekkur í GRV og hvar þeir standa m.t.t. viðmiða lesferils MMS. Þetta er maífyrirlögnin og sker fjórið bekkur sig úr hvað varðar fjölda þeirra sem hafa náð settum viðmiðum en einungis 9 nemendur eru undir viðmiði 1 í 4.bekk eða um 15% nemenda og 22% nemenda eru yfir viðmiði 3 en það eru 13 nemendur. MMS leggur til að um 25% nemendu séu búnir að ná viðmiði 3 í maíprófum. Sama var uppi á teningum í fyrra þegar núverandi 4. bekkur var 3. bekkur en þær stöllur í 4. bekk segja að nemendur lesi á hverjum degi í skóla og að þær vinni mjög mikið með markviss lesskilningsverkefni sem hjálpi ekki bara til með skilning heldur komi hraðinn í kjölfarið.

Bekk	Fj	M	Sf	Viðmið 1		Viðmið 2		Viðmið 3		Undir viðmiði 1		Milli viðmiða 1 og 2		Milli viðmiða 2 og 3		Yfir viðmiði 3	
				Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%	Fj	%
4.	59	117	33	50	84,8%	29	49,2%	13	22,0%	9	15,3%	21	35,6%	16	27,1%	13	22,0%
5.	62	107	35	41	66,1%	11	17,7%	5	8,1%	21	33,9%	30	48,4%	6	9,7%	5	8,1%
6.	52	126	54	29	55,8%	13	25,0%	9	17,3%	23	44,2%	16	30,8%	4	7,7%	9	17,3%
7.	56	136	48	33	58,9%	14	25,0%	9	16,1%	23	41,1%	19	33,9%	5	8,9%	9	16,1%
				90% viðmið		50% viðmið		25% viðmið									

Fj - Fjöldi, % - Hlutfall, M - Meðaltal, Sf - Staðalfrávik

Starfsmannasamtöl

Fyrirhugaðar breytingar á skólarekstrinum næsta skólaár gerðu það að verkum að starfsmannasamtöl fóru fram undir lok skólaársins og hafa deildarstjórar ekki fengið samantekt á þeim.

Á síðasta skólaári voru styrkleikar starfshópsins almenn virðing og góð samskipti á vinnustaðnum og að þekking og hæfileikar fólks fengu að njóta sín. Tækifærin til umbóta voru þá að hafa stefnur og áherslur skólans sýnilegri og kynna betur nýju starfsfólki og að gæta þess að leiðsögn og stuðningur sé aðgengilegur öllu starfsfólki.

Okkur tókst vel til á þessu ári að mæta nýju starfsfólki og veita þeim leiðsögn. Í byrjun skólaársins fékk nýtt starfsfólk kynningu á stefnum skólans og þeim björgum sem í boði eru.

Íslenska æskulýðsrannsóknin


Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) er rannsókn sem Menntavísindastofnun Íslands framkvæmir fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70 / 2007. Markmiðið er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungs fólks og gera niðurstöður aðgengilegar til að styðja við stefnumótun.

Tvær alþjóðlegar rannsóknir falla undir ÍÆ, önnur þeirra er Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) könnun alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem lögð hefur verið fyrir 6., 8. og 10. bekk grunnskóla á Íslandi á fjögurra ára fresti frá árinu 2006. Hin er evrópska vímuefnakönnunin The European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs (ESPAD) sem lögð er fyrir 10. bekk á fjögurra ára fresti, sú könnun hóf göngu sína árið 1995. Niðurstöður könnunar ÍÆ eru samanburðarhæfar því spurningar könnunarinnar eru myndaðar úr þessum tveimur könnunum.

Könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar verður frá og með skólaárinu 2021-2022 lögð fyrir 4.-10. bekk á hverju ári í grunnskólum.

Niðurstöður á landsvísu úr öllum umferðum HBSC og ESPAD og niðurstöður ÍÆ verður hægt að skoða á <https://menntavisindastofnun.hi.is/is/rannsoknir/islenska-aeskulydsrannsoknin> (þegar þessi skýrsla er unnin hafa niðurstöður á landsvísu ekki verið birtar).

400 nemendur eru í 4. - 10. bekk, 342 nemendur í Grunnskóla Vestmannaeyja svöruðu könnuninni. Könnunin var lögð fyrir rafrænt.



Skólapúlsinn

Nemendur GRV

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Val spurninga byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum, kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 60% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda eru ekki tekin með í landsmeðaltalið. Þegar um er að ræða óáreiðanlegan svarstíl eða ósamræmi í svörum eru svör viðkomandi nemanda fjarlægð.

Könnunin hófst 1. ágúst 2023 og henni lauk 1. júní 2024. Þátttakendur voru 271, fjöldi svarenda 246, 5 síðir og svarhlutfall því 90,8%.

1. Virkni nemenda í skólanum. Ánægja af lestri í skólanum er lægri en almennt mælist á landsvísu. Áhugi á stærðfræði, áhugi á náttúrufræði og trú á eigin námsgetu er nokkurn

vegin á pari við landsvísu. Hlutfall nemenda með snjallsíma er mun lægri en á landsvísu og símanotkun á skólatíma er minni en mælist á landsvísu.

2. Líðan og heilsa. Vellíðan nemenda er á pari við landið sem og einelti. Tíðni eineltis mælist hins vegar hærra en á landsvísu. Nemendur í mataráskrift eru færri en gerist á landinu en ánægjan með matinn í skólanum er talsvert meiri en það sem mælist á landsvísu. 66 nemendur nefna ástæður fyrir stressi og eru þær misjafnar, margar þeirra tengjast íþróttunum sem þeir æfa/keppa sumar tengjast skólanum og aðrar lífinu almennt. 55 nefna ástæðu þess hvers vegna þeir eru ekki í mataráskrift. Enginn þeirra nefnir að það sé of dýrt á meðan að 8,4% á landsvísu nefna þá ástæðu. 28,6% nefna að þeim finnist maturinn ekki góður á meðan að 64,9% á landinu telja þá ástæðu. Þar er einnig boðið upp á opin svör og nefna flestir þar að þeir borði heima.

3. Skóla- og bekkjarandi. Samband nemenda við kennara mælist meira en á landsvísu. Agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats mælist á pari við landið.

4. Opin svör. Nemendur eru beðnir um að lýsa því sem þeim þykir sérstaklega gott við skólann annars vegar og hins vegar því sem þeim þykir slæmt eða megi betur fara í skólanum. 216 nemendur lýstu því sem þeim þykir gott og 206 lýstu því sem betur mætti fara.

Í síðustu innramatsskýrslu 2022-2023 voru tækifæri til umbóta að sporna við einelti á miðstigi og í verðandi 8. bekk. Er skemmst frá því að segja að 8. bekkurinn fékk gott aðhald í vetur bæði innanhúss og utanhúss með fræðslu og samtölum. Þá stóð til að finna leið til að auka ánægju á lestri með til dæmis að athuga að fá Teams fundi með rithöfundum, breyta tímasetningu á yndislestri og nýta Bókvitann þegar hann kæmi í gagnið. Þetta gekk því miður ekki eftir en stendur til á komandi skólaári. Til að upplýsa nemendur betur um stöðu sína fengu nemendur í 10. bekk í febrúar foreldraviðtölunum að vita hver einkunn þeirra var í hverju fagi fyrir sig miðað við framlag vetrarins. Þetta reyndist vel og stendur til að nýta þetta í fleiri árgöngum í foreldraviðtölunum í febrúar.

Styrkleikar

- Samband nemenda við kennara.
- Vellíðan nemenda í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Finna leið til að auka ánægju nemenda á lestri (til dæmis athuga að fá Teams fundi með rithöfundum, breyta tímasetningu á yndislestri, nýta Bókvitann þegar hann verður tilbúinn og nýta léttlestur meira).
- Veita nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu sína í námi jafnt og þétt yfir skólaárið.
- Sporna við einelti, veita meiri fræðslu og stuðning.

Foreldrar GRV

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í sex flokkum. Spurningarnar eru 70 talsins. Hægt er að taka könnunina á íslensku, pólsku og ensku. Búið er til 120 nemenda líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í janúar. Niðurstöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli (lágmark 60%) hefur verið náð. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Í öðrum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Öryggismörk í marktektarprófum voru 90%. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Könnunin hófst 1. febrúar 2024 og henni lauk 1. mars 2024. Fjöldi þátttakenda voru 117, fjöldi svarenda 83, svarhlutfall var því 70,9%.

1. Nám og kennsla. Foreldrar eru almennt ánægðir með nám og kennslu í skólanum og stjórnun skólans og mælist ánægjan meira en almennt gerist á Íslandi. Foreldrar telja einnig að þyngd námsefnis sé hæfilegt og að agi í skólanum sé hæfilegur og mælist hvoru tveggja meiri en almennt gerist á Íslandi.
2. Velferð nemenda. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er á pari við landið. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda, líðan nemenda í skólanum að mati foreldra og líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra er meira en almennt mælist á landsvísu. Sama má segja um hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum. Aftur á móti mælist ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum, ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum og ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans minni en almennt gerist á landsvísu.
3. Aðstaða og þjónusta. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum og ánægja foreldra með tómstundaþjónustu er á pari við landið en ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift er jákvæðari en á landsvísu. Aftur á móti er hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu og/eða frístundaheimili talsvert lægra en á landsvísu sama má segja um notkun á mataráskrift.
4. Foreldrasamstarf. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi mælist til jafns á við landið. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur, ánægja með síðasta foreldraviðtal og að leitað sé eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar þeirra séu teknar til greina mælast hærrí

en á landsvísu. Foreldrar í GRV telja að þeir fái að taka þátt í gerð námsáætlunar síns barns og að þeir séu vel upplýstir um stefnu skólans og námskrá og í báðum tilfellum mælist það hærra en á landsvísu. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans mælist mun minni en á landsvísu.

5. Heimastuðningur. Virkni foreldra í námi barna sinna, vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu og tími sem foreldrar aðstoða við heimanám mælist það sama og á landsvísu. Hæfileg heimavinna að mati foreldra mælist minni en á landsvísu. Væntingar foreldra um háskólanám mælist minni en á landsvísu en væntingar foreldra um iðnnám mælast meiri en almennt á landinu.

6. Opin svör. Í opnum svörum er foreldrum boðið að lýsa því sem þeim þykir gott við skólann, lýsa því sem þeim þykir mega fara betur í skólanum og þeim gefst tækifæri til að koma með ábendingu varðandi heimasíðu skólans. Að lokum er boðið upp á annað sem foreldrar vilja koma á framfæri er varðar snjallsímanotkun barna í grunnskólanum sínum. Opnu svörin voru jafn fjölbreytt og fjöldinn sem svaraði þeim.

17 foreldrar lýstu því sem þeim þykir gott við skólann. 20 foreldrar lýstu því sem betur mætti fara í skólanum. 5 komu með ábendingar varðandi heimasíðu skólans og 9 komu með ábendingar með snjallsímanotkun í skólanum.

Styrkleikar

- Ánægja foreldra almennt með kennslu og stjórnun í skólanum.
- Ánægja foreldra með líðan nemenda og hve vel skólinn mætir þörfum nemenda.
- Foreldrar telja að á þá sé hlustað.
- Foreldrar telja að skólinn sé með góðan og hæfilegan aga.
- Stuðningur foreldra við símalausan skóla.

Tækifæri til umbóta

- Eineltismál, upplýsa foreldra um gang mála og að t.d. sé erfitt að flýta úrvinnslu þeirra.
- Uppfæra og bæta heimasíðu skólans.

Starfsmenn GRV

Starfsmannakönnun fer fram í mars og mælir 22 almenna þætti. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins skilar inn í febrúar. Niðurstöðurnar eru svo birtar á vefsvæði þátttökuskólanna í apríl. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig á staðalnúkvarða ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig.

Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf starfsfólks almennt við fyrstu fyrirlögn. Í undantekningartilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðundandi svarhlutfalli. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf starfsfólks í skólanum. Niðurstöður skóla með lægra en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Könnunin hófst 1. mars 2024 og henni lauk 31. mars 2024. 124 tóku þátt, svarendur voru 93 og var svarhlutfallið því 75%.

1. Starfið. Vinnuálag er á pari við landið. Skýrleiki hlutverks og ágreiningur um hlutverk er minni en mælist á landsvísu. Jákvæðar áskoranir í starfi mælast þó meiri en almennt á landinu.
2. Starfsfólk. Leikni í starfi, skuldbinding til vinnustaðarins og skörun vinnu og einkalífs er nokkurn veginn á pari við landið á meðan ræktun mannauðs, starfsmannaviðtöl undanfarið ár og gagnsemi starfsmannaviðtals er undir meðaltali á landsvísu.
3. Vinnustaðurinn. Þessi þáttur kom almennt illa út hjá okkur, starfsandi, ánægja með vinnuaðstöðu, stytting vinnuviku, stuðningur frá samstarfsfólki, stuðningur við nýsköpun, mismunun og einelti.
4. Stjórnun. Stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta næsta yfirmanns og valdeflandi forysta næsta yfirmanns mælist allt lægra en í fyrra og lægra en almennt á landsvísu.
5. Kennarar - Kennarastarfið. Ánægja með kennarastarfið og trú á eigin getu mælist á pari við landið. Upplýsingamiðlun til foreldra mælist lægri en á landsvísu sem og áætlaður meðaltími á heimavinnu nemenda á viku. Undirbúningur kennslu í skólanum, einstaklingsmiðuð kennsla og áhersla kennara á námsmat með prófum mælist allt hærra en á landsvísu en áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum mælist minni en á landsvísu.
6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara. Þessi liður mælist allur lægri en á landsvísu það er stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika, stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda, faglegur stuðningur skólastjóra við kennara og samvinna um kennslu.
7. Opin svör. Þar er starfsfólk beðið um að lýsa því hvað því þykir gott við vinnustaðin annars

vegar og hins vegar hvað því þykir að betur megi fara á vinnustaðnum. 47 svöruðu hvað því þykir gott við vinnustaðinn og 42 svöruðu hvað mátti betur fara.

Þegar þessi könnun fór af stað hafði Kennarafélag Vestmannaeyja nýlega sent kvörtunarbréf til stjórnenda og var mikil úlfúð í starfsmannahópnum á þessum tíma. Teljum við að það hafi litað útkomuna verulega.

Styrkleikar

- Einstaklingsmiðuð kennsla.
- Starfsánægja.
- Jákvæðar áskoranir.

Tækifæri til umbóta

- Nýtt skipurit fyrir GRV. Skýrleiki um hlutverk hvers stjórnanda fyrir sig.
- Starfsmannasamtöl fyrr á skólaárinu og oftár.
- Halda vel utan um starfshópinn og hvetja til góðra verka.
- Skoða aðrar aðferðir við að við að koma upplýsingum til starfsmanna til þess að bæta upplýsingaflæði.
- Hvetja kennara til að senda foreldrum oftár upplýsingar um námslega stöðu og líðan nemenda.

Kveikjum neistann

Rannsóknar- og þróunarverkefnið *Kveikjum neistann* hóf sitt þriðja ár í GRV haustið 2023.

Rannsóknarhópurinn, árgangur 2015 kláraði 3. bekk vorið 2024 og 1. og 2. bekkur stundaði námið með sömu áherslum og verkefnið gengur út á.

Allir árgangar voru með stundatöflu sem gekk út á að hafa hreyfingu alla daga og þá snemma að deginum. Hreyfingin er þrisvar í viku í íþróttahúsi en hina dagana í skólanum sem eru þá fastir danstímar og útivera eða hreyfileikir sem umsjónarkennarar sinna.

Nemendur fengu þjálfunartíma fjórum sinnum í viku þar sem fjórði kennarinn kom inn í árganginn. Í þeim tímum er lögð áhersla á að allir fái áskorun miðað við hæfni, að öllum nemendum sé mætt þar sem þeir eru staddir einkum í lestrarnáminu en einnig í stærðfræði.

Ástríðutímarnir í 1. bekk eru með því sniði að nemendur gátu valið þrisvar í viku um heimilisfræði, textílmenn, smíðar, myndmenn og skák hluta úr vetri. 2. og 3. bekkur voru með annað snið á ástríðutímunum. Í þeim árgöngum voru nemendur hafðir með í ráðum með það sem átti að vera í boði. Boðið var upp á ýmis konar sköpun, leik og hreyfingu. Almenn ánægja var með ástríðutímanna meðal nemenda en ljóst er að það er krefjandi að hafa mikið og fjölbreytt val þar sem við höfum bara ákveðinn fjölda starfsfólks til þess að sinna tímunum. Við teljum okkur þó hafa nýtt mannauðinn í skólanum vel og margir hafa komið að tímunum og gert vel.

Skimað var í öllum árgöngum fyrir hreyfingu, læsi og stærðfræði. Stöðumat í hreyfifærni fer að mestu leyti fram í íþróttahúsinu þar sem nemendur hlaupa eins langt og þeir komast á 6 mínútum, stökkva langstökk og ganga hæl í tá. Fínhreyfingar eru kannaðar í skólanum þar sem nemendur byggja kubbaturn úr legokubbum á tíma. Niðurstöður voru kóðaðar og sendar til rannsakenda.

Stærðfræðiskimun var lögð fyrir nemendur, 1. bekkur tók þá sömu og fyrri árgangur í janúar og maí. Skimunin er bæði skrifleg og munnleg til að gæta jafnræðis.

Við höfum ekki byrjað með skimanir í náttúrufræði en til stendur að útbúa mælitæki fyrir árgangana.

Niðurstöður í vor:

Í byrjun maí voru læsissskimanir lagðar fyrir í 1. 2. og 3. bekk.

Niðurstaðan í 1. bekk var mjög góð 95% nemenda er búin að brjóta lestrarkóðann.

Útkoman í 2. bekk þarfnaðist smá yfirlegu og ákveðið var í kjölfarið að endurprófa hluta nemenda. Sérkennari sá um endurprófun. Niðurstaða endurófunar var svo rædd við umsjónarkennara hvers barns og ákvörðun tekin í sameiningu.

Niðurstaðan var sú að rétt rúmlega 78% nemenda í 2. bekk eru læs skv. Læs II prófinu.

Markmiðið er 80% þannig að því var ekki alveg náð.

Í 3. bekk var mjög góð niðurstaða 91% nemenda náði Læs III. Í þeim hópi voru 4 börn sem sóttu þjálfunartíma í námsveri.

Meðaltal rannsóknarhóps í stærðfræði í vor var 83%. Það er 3. bekkur og stuðst er við mælitæki Kveikjum neistann.

2. bekkur var með meðaltalið 75% af heildaratriðum mælitækisins og 1. bekkur með meðaltalið 82%.

Við erum mjög ánægð með þann árangur sem náðst hefur og finnum að við náum að fylgjast vel með árangri hvers og eins með matstækjum Kveikjum neistann.

Styrkleikar:

- Allir fá áskoranir miðað við færni.
- Allir fá aukna hreyfingu og helst í byrjun dags.
- Enginn verður útundan í náminu.
- Allir fá að vinna við áhugategnd verkefni.
- Meiri ró yfir skóladeginum.

Tækifæri til umbóta:

- Fjölbreytt val í ástríðutímum.
- Að auka hreyfingu sem ekki á sér endilega stað í íþróttahúsinu.
- Að viðhalda áhuga og ánægju af lestri.

- Að auka kunnáttu í náttúrufræði og próa matstæki í faginu.

Umræðuhópar kennara

Í kjölfar bréfs Kennarafélags Vestmannaeyja til stjórnenda þar sem þeir fengu ábendingu hvað betur mætti fara í stjórn skólans mynduðu stjórnendur umræðuhópa þar sem kennurum gafst kostur á að ræða og svara eftirfarandi spurningum: 1. Hvað getum við gert betur til að viðhalda eða hífa upp góðan starfsanda? 2. Hvað getum við gert betur til að viðhalda góðum bekkjaranda og bekkjarstjórnun? 3. Hvað getum við gert betur til að nálgast Kveikjum neistann? (4.-10. bekkur) og Hvað getum við gert betur til að viðhalda Kveikjum neistann? (1.-3. bekkur). 4. Hvað getum við gert betur til að veita nemendum upplýsingar um námslega stöðu þeirra? 5. Hvað getum við gert betur til að veita foreldrum upplýsingar um námslega stöðu barna þeirra? 6. Hvað getum við gert betur til þess að bæta upplýsingaflæði innan vinnustaðarinnar? 7. Hvað getum við gert betur til að hrífa samfélagið í Vestmannaeyjum með okkur?

Mjög góð og málefnaleg umræða skapaðist í hópunum. Í ljós kom að margt gott er verið að gera nú þegar og margt er þegar í komið í ferli.

Styrkleikar

- Allir sammála um að tala þurfi fallega um skólann og það starf sem þar er unnið.
- Allir sammála um að skólasamfélagið verði að vera sýnilegra.
- Allir vilja góða þátttöku í starfsmannaviðburðum skólans.

Tækifæri til umbóta

- Fá foreldra meira að borðinu og kynna þeim stöðu barna sinna oftar.
- Einfalda skráningarkerfi.
- Yfirfæra það sem gengur vel t.d. í Kveikjum neistann yfir á aðra bekk.
- Nýta handbók um bekkjarfundi.
- Taka inn Námfús til þess að auðvelda skráningu og auka upplýsingaflæði.

Umbótaáætlun frá síðasta mati

Viðfangsefni	Markmið	Gagnaöflun	Tíma-rammi	Hvernig gekk?
1. Nám og kennsla:				
1.1. Inntak, árangur og framfarir	Haldið áfram með nýjar áherslur á læsi og hvernig á að meta læsi. Að vinna að því að auka og viðhalda ánægju af lestri. Að nemendur hafi vald á grunnaðgerðum í stærðfræði í 6. bekk. Að búa til vörður og stöðumat í náttúrufræði.	Skimunarpróf skv. Kveikjum neistann: læsi, stærðfræði og náttúrufræði. Aðrar samræmdar kannanir á vegum mms.	2023-2027	1. - 3. bekkur hefur tekið þátt í skimunum á vegum KN og gengið vel. Markmiðum nokkurn veginn náð.

	Að 80% nemenda í 2. bekk séu læsir. Að auka ánægju af náttúrufræði og hreyfingu. Að virkja áhugahvöt nemenda til lesturs og náms.	Kannanir sem fylgja einstaka námsþáttum. Ánægjukönnun meðal nemenda.		
1.2 Skipulag náms og námsumhverfis	Breytt stundaskrá skv. Kveikjum neistann. Teymiskennsla eins og hægt er. Ástriðutímar. Að dagurinn byrji á hreyfingu og endi á ástriðutíma. Að allir fái þjálfunartíma 4x í viku. Ástriðutímar og aukið val nemenda var komið á miðstigi.	Ánægjukönnun meðal nemenda.	2023-2025	Mjög vel og almenn ánægja með ástriðutímana. Ástriðutímar og aukið val á miðstigi kom mjög vel út.
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu	Námsefni við hæfi. Aukin hreyfing. Teymiskennsla þar sem styrkleikar kennara fá að njóta sín. Gæta þess mjög vel að nemendur fái ekki of erfitt námsefni og heldur ekki of auðvelt. Stigskipting í íslensku og stærðfræði í 9. og 10. bekk.	Samtöl við starfsfólk, foreldra og nemendur. Markviss eftirfylgni með hverjum og einum.	2023-2024	Gengið vel.
1.6 Skóli án aðgreiningar	Öflugar verkdeildir sem vinna að því að mæta hverjum og einum á sínum forsendum og að aðlaga þá sem þurfa að nemendahópnum.	Samtöl við starfsfólk, foreldra og nemendur.	2023-2025	Mikið og gott starf unnið í verkdeildunum.
2. Stjórnun og skipulag:				
2.2 Stjórnun skólans	Nýtt skipurit. Halda áfram samstarfi skólanna til að viðhalda samfelli í skólastarfinu. Hafa starfslýsingar skýrari og aðgengilegar. Að stjórnunin verði skilvirkari og hver og einn meðvitaðri um sitt hlutverk. Að annað starfsfólk viti hvert það á að leita.	Þjónustu-könnun. Starfsmanna-samtöl.	2023-2026	Fyrirhugaðar breytingar settu strik sitt í reikninginn stóran hluta af skólaárinu. Skipuritið ekki klár fyrr en í lok skólaárs.
3. Innra mat:				
3.1 Framkvæmd innra mats	Innra matsteymi endurskoðað. 2 - 3 fundir á vetri. Skráning á því mati sem fram fer í skólunum.	Skólapúlsinn og aðrar kannanir og rannsóknir unnir fyrir og í samstarfi við GRV.	2023-2027	Erfitt að finna tíma þar sem allir geta mætt. Þurfum að festa fundi og halda þeim.
3.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats	Kynning og áætlanagerð í kjölfar niðurstaðna. Taka mið af þeim gögnum sem berast hverju sinni og nýta þau sem tækifæri til umbóta. Staðan tekin á hausti og metin að vori.	Unnið úr þeim gögnum sem hafa borist.	2023-2027	Gekk vel að vinna úr þeim gögnum sem okkur bárust. Brugðist við jafnóðum.
4. Mannauður:				

4.1 Fagmennska starfsfólks/endurm enntun	Aukin endurmenntun á vegum Vestmannaeyjabæjar. Spjaldtölvukennsla. Fundir og fræðsla í Kveikjum neistann.		2023-2024	Endurmenntun vel sótt.
5. Skólabragur				
5.2 Velferð og líðan nemenda	Aukin áhersla á hreyfingu í anda Kveikjum neistann og áhersla á ástríðutíma. Bregðast við niðurstöðum t.d. Skólapúlsins. Nýta afurð Menntarannsóknarinnar Kveikjum neistann í fleiri árgöngum	Nýta upplýsingar úr könnun Hermundar. Nýta upplýsingar úr Skólapúlsi.	2023-2027	Kveikjum neistann er nú í 1. - 3. bekk. Hefur gengið mjög vel og ástríðutímar og aukið val nemenda er nú í 1.-7. bekk. Brugðist við niðurstöðum Skólapúlsins jafnóðum.
5.3 Samstarf heimila og skóla	Bregðast við niðurstöðum Skólapúlsins. Bregðast við niðurstöðum úr foreldraviðtölum. Fá upplýsingar um álit foreldra til að bæta samstarf milli heimilis og skóla.	Nýta upplýsingar úr Skólapúlsi og foreldraviðtölu m.	2023-2024	Upplýsingar úr Skólapúlsi nýttar til að leggja línurnar fyrir næsta skólár.

1. Nám og kennsla

1.1 Haustið 2021 hófst þátttaka GRV í menntarannsókninni *Kveikjum neistann*. Með verkefninu breytast áherslur í námi barna og skipulag skóladagsins. Nemendur núverandi 3. bekkjar taka þátt í rannsókninni sem nær yfir alla þeirra skólagöngu en árgangarnir sem koma á eftir munu fylgja breyttum áherslum þar sem vel gengur. Nánar er fjallað um verkefnið hér að ofan.

1.2 Fjallað var um Lesferil í 4.-7. bekk hér að ofan. Tekin var ákvörðun haustið 2022 um að taka út lesferil á unglingastigi. Þar er lögð aukin áhersla á framsögn nemenda, að nemendur nái að viðhalda hraða og eftirfylgni kennara.

1.3 Gekk vel í vetur.

1.6 Spjaldtölvuinnleiðing hefur nú verið í þrjú ár í GRV. Markmiðinu um eitt tæki á mann hefur verið náð; nemendur í 1. - 9. bekk eru með lpad og auk þess er unglingadeildin með Chromebook tölvur. Góð eftirfylgni hefur verið frá innleiðingarteymi með örnámskeiðum, mánudagar til menntunar og beinni kennslu í kennslustundum. Með spjaldtölvunum höfum við getað einstaklingsmiðað námið enn frekar með smáforritum eins og Evolytes þar sem hver og einn er með áskorun miðað við færni.

2. Stjórnun og skipulag

2.2 Nýtt skipurit varð klárt fyrir næsta skólaár. Næsta skólaár verða tveir skólar og tveir skólastjórar en halda á í sem flesta sameiginlegu fleti eins og unnt verður.

3. Innra mat

3.1 Farið var yfir þær mælingar sem tiltækar voru með innra mats teymi.

Deildarstjórar halda utan um teymið og halda hinum meðlimum upplýstum um hvað á sér stað og taka við ábendingum.

3.2 Tekið verður mið af mælingum þessa árs í næstu umbótaáætlun.

4. Mannauður

4.1 Endurmenntun á vegum Vestmannaeyjabæjar var aukin. Mánudagur til menntunar á vegum verkefnisstjóra spjaldtölvuinnleiðingarinnar.

5. Skólabragur

5.2 Lögð var fyrir könnun Skólapúlsins meðal nemenda, sjá niðurstöður ofar í skýrslunni.

5.3 Lögð var fyrir könnun Skólapúlsins meðal foreldra, sjá niðurstöður ofar í skýrslunni.

Lokaorð

Hér hafa verið teknir saman þeir þættir innra mats sem skoðaðir voru skólaárið 2023-2024. Fjögurra ára áætlun lauk síðasta skólaár og ný langtíma og skammtímaáætlun var mynduð 2023-2024 með innra mats teymi skólans.

Helsti styrkleiki GRV er að almennt virðist nemendum í GRV líða vel samkvæmt öllum könnunum sem er farið yfir hér að ofan. Foreldrar eru einnig ánægðir með skólann, kennara og stjórnendur. Helstu tækifæri til umbóta hvað varðar starfsfólk er orðræðan um starfið og skólasamfélagið og að upplýsa nemendur og foreldra örar um námslega stöðu nemandans. Helstu tækifæri til umbóta hvað varðar nemendur er betra upplýsingaflæði um námsframvindu þeirra og að finna leið til aukinnar ánægju og tilgangs í lestri og námi. Helstu tækifæri til umbóta hvað varðar stjórnendur er að fylgja nýju skipuriti og kynna hlutverk hvers og eins vel fyrir starfsfólki.

Bestu kveðjur,
Ásdís Steinunn, Rósa Hrönn og Svanhvít,
deildarstjórar í GRV

